

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um holræsi og holræsagerð fyrir Hafnarfjarðarkaupstað nr. 184 12. des. 1958.

1. gr.

4. gr. orðist svo:

Holræsagjald greiðist af lóðareiganda og hefur hann einn ábyrgð á greiðslu þess. Gjaldið hefur lögtaksrétt, og er það tryggt með lögveði í lóð og mannvirkjum lóðareiganda á henni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði. Árlegur gjalddagi holræsagjalds er 2. janúar, en kostnað við holræsagjaldið skal greiða til bæjargjaldkera. Gjaldið skal reikna í heilum krónum.

Reglugerð þessi staðfestist hér með, samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til að öðlast gildi 1. janúar 1965, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 1. júní 1964.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

Nr. 101.

2. júní.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Luciu Kristjánsdóttur og Geirlaugu Kristgeirsdóttur, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 2. júní 1964

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð Luciu Kristjánsdóttur og Geirlaugar Kristgeirsdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Minningarsjóður Luciu Kristjánsdóttur og Geirlaugar Kristgeirsdóttur“.

2. gr.

Sjóðurin er stofnaður til minningar um Luciu Kristjánsdóttur, sem var fædd 13. desember 1914 og lézt 27. janúar 1964 og Geirlaugu Kristgeirsdóttur, sem var fædd 7. júlí 1936 og lézt 28. nóvember 1963.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 10000.00, sem er framlag sjúklinga í St. Jósefsspítala.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa yfirlæknir St. Jósefsspítala, priorinna St. Jósefsspítala og Ástríður Bjarnadóttir, Höfðaborg 62, Reykjavík.

Stjórn sjóðsins skal kjósa tvo menn eða konur, sem taka skulu sæti fráfarandi eða látinna stjórnarmeðlima.